



Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Tilnefningar fyrir rýnihóp vegna Hverfið mitt

Góðan daginn

Óskað er eftir tilnefningum að 6 þátttakendum á aldrinum 60 ára og eldri í rýnihóp fyrir Hverfið mitt vegna auglýsingar- og kynningarherferðar fyrir verkefnið.

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og borgarinnar. Þar gefst íbúum kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Ferill verkefnisins skiptist í hugmyndasöfnun, yfirferð hugmynda, rafrænar kosningar og svo framkvæmdir kosinna verkefna. **Almennar upplýsingar um verkefnið má nálgast á [vef Reykjavíkurborgar – Hverfið mitt](#).**

Við viljum gjarnan auka þátttöku hópa taka minni þátt í verkefninu. Við ætlum að vera með þrjá mismunandi rýnihópa fyrir ungt fólk, eldri borgara og innflytjendur.

Við erum að fara af stað með rýnihópa og ætlum halda fund með fulltrúum þessara hópa sem við viljum leggja áherslu á að ná frekar til. Í rýnihópnum ræðum við og förum yfir verkefnið og skoðum og greinum nýjar leiðir hvernig við getum náð til þessara hópa og hvatt þau til þátttöku í verkefninu.

Fundur rýnihópsins er haldinn 13. apríl frá 13:00 til 15:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Það verða veitingar í boði.

Við sjáum fyrir okkur að í rýnihópnum yrðu 12 til 15 einstaklingar. Ég óska því eftir tilnefningum frá ykkur að 6 einstaklingum á aldrinum 60 ára og eldri til að taka þátt í rýnihópnum. Þetta mættu vera fulltrúar frá ykkur eða bara einstaklingar sem þið getið bent mér á og væru líkleg til að vilja taka þátt í þessum rýnihóp.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa